

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2020



Setningaræða Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar.

Rannsóknaráðstefnan er nú haldin í 19. sinn og hún orðin einn af föstum punktum tilverunnar og þess vegna ekki hægt að láta kórónuveirufaraldurinn alveg slá okkur út af laginu.

Ráðstefnan því haldin með breyttu sniði, rafrænt að mestu, en reynt að halda í þann góða anda sem jafna hefur skapast á ráðstefnunum.

Ólafur Sveinn Haraldsson hefur veg og vanda af ráðstefnunni en hann tók við sem forstöðumaður rannsóknarsjóðs í byrjun þessa árs. Hann hefur skipulagt ráðstefnuna í samstarfi við Hörpu og Senu.

Erindi verða fjölmörg og fjölbreytileg að vanda og snúa að mannvirkjum, umferð, umhverfi og samfélagi. Ráðstefnan hefur jafnan einkennst af því að efnistökin spanna vítt og eru margvísleg. Mörg og stutt erindi um þau rannsóknaverkefni sem rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt ætti að bjóða upp á eitthvað áhugavert fyrir flesta. Erindi sem við fyrstu sýn virka ekki sérlega spennandi reynast svo gjarnan áhugaverðustu erindin.

Í ár gefur að líta fyrirlestra þar sem fjallað verður um t.d. slitlög, hverjir gætu verið óvinir viðloðunarefna, hágæðasteypu í brúm, sjávarflóð og sjóvarnir, yfirborðsbylgjur, umferðarhraða í hringtorgum, óvarða vegfarendur, veðurspáþjónustur, áhrif jökla á ár, skipulagsgerð fyrir hafnir, deilibíla og svifryk í göngum.

Það er von okkar að sem flestir fylgi okkur því hér í allan dag þótt að ráðstefnan sé haldin á þennan rafræna hátt. Fyrirlesarar eru eigi að síður staddir hér í Hörpu og flytja erindi sín á sama hátt og á hinum 18 ráðstefnunum. Eini munurinn að þeir tala í myndavélina og út til ykkar og fá ekki að njóta þess að sjá ykkur í salnum. Svo eru auðvitað vonbrigði að það verða engar léttar veitingar í lokin, og að sjálfsögðu að ekki verður tækifæri til að spjalla við félagi, kunningja og samstarfsmenn í hléunum, sem hefur þó verið stór hluti af ráðstefnuhaldinu.

Það verðum við að eiga inni fyrir 20. ráðstefnuna að ári.

Rannsóknaráðstefnan hefur alla tíð verið vel sótt og miðað við skráningu á þessa rafrænu ráðstefnu hafa ekki færri áhuga á því að fylgjast með en fyrri ár og jafnvel heldur fleiri. Hver raunin verður með þetta breytta fyrirkomulag leiðir dagurinn í ljós. Við gerum okkur grein fyrir því að það getur tekið á að sitja í heilan dag fyrir framan skjáinn en spennandi erindi halda okkur vonandi við efnið. Við munum engu að síður hafa regluleg hlé svo áhofendur heima geti staðið upp og hellt upp á könnuna eða farið á kaffistofuna ef menn eru ekki að vinna heima hjá sér.

Við lifum skrytna tíma við fáum ekki að hittast, faðmast eða skemmta okkur. Til þess að halda sönsum þurfum við að endurhugsa og endurstilla hugarfarið. Oft er erfitt að

gera breytingar og gott að fá hjálp við það . Við höfum því fengið Önnu Steinsen stjórnendamarkþjálfara og heilsumarkþjálfara með meiru til þess að leiða okkur inn í daginn með erindi þar sem hún fjallar um þrautseigju á krefjandi tímum.

Þegar því er lokið tekur við hefðbundin dagskrá en við gerum ráð fyrir að klára dagskrá um kl. 16:30

Þessu sögðu lýsi ég 19. rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar setta og óska ykkur góðrar skemmtunar við skjáinn í dag.